



Kvöld við Skerjafjörð eftir Ásgrím Jónsson. „Í túlkun tærleika íslenskrar birtu, og náttúruleitbrigða, beitti hann penslinum oft af unaðslegri fimi, dirfsku og næmni,“ segir rýnirinn um vatnslitamyndir Ásgríms.

# Vatnsdrættir

## MYNDLIST

### Blæbrigði vatnsins – ýmsir listamenn

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

Til 25. apríl 2010. Opið alla daga kl. 10-17. Aðgangur ókeypis. Sýningarstjóri: Aðalsteinn Ingólfsson.

Nýlega var opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á vatnslitaverkum eftir 60 listamenn undir yfirskriftinni „Blæbrigði vatnsins“. Þar birtist í fyrsta sinn ágrip af sögu íslenskrar vatnslitamálunar frá upphafi til vorra daga en elstu verkin á sýningunni eru eftir 19. aldar listamanninn Sölva Helgason. Þetta er líklega umfangsmesta samansafn vatnslitaverka er sést hefur hér á landi á einum stað, og getur að líta mörg verk sem ekki hafa áður komið fyrir sjónir almennings. Gefin hefur verið út bók samhliða sýningunni og þar ritar sýningarstjórinn, Aðalsteinn Ingólfsson, fróðlega úttekt á sögu innlendrar vatnslitamálunar.

Það er sannarlega tímabært að beina sjónum að vatnslitamálun í innlendu samhengi, enda um að ræða miðil sem á sér langa sögu. Hér á landi var hann í fyrstu notaður sem skráningartæki í tengslum við könnunarleiðangra erlendra og innlendra manna um landið. Raunar hefur Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur fært rök fyrir því að vatnslitamyndir í *Ferðabók* Eggerts og Bjarna Pálssonar séu að öllum líkindum elstu varðveittu landslagsmyndirnar eftir Íslending, eða frá 1752. Það var svo á 20. öld sem hérlendis listamenn hófu að nýta sér möguleika vatnslitanna til beinnar tjáningar hugmynda og hughrifa andspænis náttúrunni, en náttúrutengd verk hafa auðvitað leikið stórt hlutverk í íslenskri listasögu.

Uppsetning er í meginindráttum þannig að öðrum megin í salnum eru sam-

tímaverk, og eldri verk hinum megin. Á veggjum næst inn ganginum hanga myndir af frásagnarlegum, figúratífum eða fantasíukenndum toga en á veggjum fjær sjást óhlutbundnari verk þar sem áherslan er á liti, form og línur. Á endaveggjunum beggja vegna, eru svo landslagsverk, auk þess sem miðrymið er að stórum hluta nýtt undir landslagstengd verk.

Hér má staðfesta hvernig margir í hópi viðurkenndustu listamanna þjóðarinnar hafa fengist við þennan miðil með ýmsum hætti, í fortíð jafnt sem samtíð, þó að oft hafi verið hljótt um þá iðju. Vitaskuld eru sýnd verk listamanna sem þekktir eru fyrir ástundun vatnslitamálunar samhliða olíumálun og má þar nefna Ásgrím Jónsson, Eirík Smith og Hafstein Austmann. Þarna eru nokkuð mörg verk eftir Ásgrím en skilningur hans á fljótandi eiginleikum og gagnsæi miðilsins stuðlaði að framúrskarandi hæfileikum hans til vatnslitamálunar og hafa margir listamenn, sem fengist hafa við vatnslitamálun, litið til verka hans. Í túlkun tærleika íslenskrar birtu, og náttúruleitbrigða, beitti hann penslinum oft af unaðslegri fimi, dirfsku og næmni. Verk Ásgríms eru staðsett við hlið annarra glæsilega útfærðra landslagsverka, m.a. eftir Brynjólf Þórðarson og Höskuld Björnsson, en þar sést jafnframt hvernig myndir hans skera sig jafnan úr.

Spunakennt litaflæði í verkum Ásgríms endurómar í óhlutbundnari verkum listamanna á borð við Nínu Tryggvadóttur og Svavar Guðnason sem bæði fara geysivel með lit. Slíkt flæði nýtur sín einnig afar vel í figúratífum verkum Kristjáns Davíðssonar og Magnúsar Kjartanssonar. Flæðandi eiginleikar miðilsins eru hluti af sálrænni merkingu verka Ingleifur Thorlacius og Valgerðar Briem. Sérstök efniskennskapast í verkum eftir Pál Guð-

mundsson frá Húsafelli og Hlíf Ásgrímsdóttur við flæði vatns um óvenjustórar pappírsarkir. Falleg úrvinnsla á gagnsæjum eiginleikum miðilsins sjást í mörgum verkum, stundum með örfáum litum, annars staðar skapa mörg litalög jarðbundinn eða skreytikennan þéttleika. Sum verk eru (vatns)litaðar teikningar, t.d. nostursleg portrettmynd Barböru Árnason af Valgerði Briem. Í verkum samtímalistamanna gætir m.a. mynsturkenndar, skrasetningar, minninga eða ummerkja, t.d. í fallegum verkum Sólveigar Aðalsteinsdóttur og Hörpu Árnadóttur en verk þeirrar síðastnefndu njóta sín vel í dagsbirtu (við kaffistofuna). Portrettmyndir Kjarvals sýna að teiknihæfileikar hans eru fljótandi og „malerískir“.

Í heild má segja að á sýningunni sé margt um fína drætti og ýmislegt forvitnilegt að sjá. Vandasamt er þó að setja upp sýningu á 140 verkum eftir 60 listamenn í einum sal, ekki síst vegna sérstöðu þessa blæbrigðaríka miðils. Verkin þurfa andrými en upphenging verka er ansi þétt sem veldur því að sýningarreynslan er óþarflega krefjandi og yfirbragð sýningarinnar dálítið runukennt, þótt vissulega dragi skilrúm, þrívíð verk og „innsetning“ Páls á Húsafelli úr slíku. Að ósekju hefði mátt fækka verkum eða tengja sýninguna betur inn í fremra rýmið þar sem dagsbirtu nýtur við og þar er reyndar litaslæða Halldórs Ásgeirssonar á glugga. Og því ekki að nota spjöld með hnitmiðuðum skýringartexta á völdum stöðum til að auðvelda sýningargestum að átta sig á samhengi verka? Hér er enda um sögulegt yfirlit að ræða. Vissulega er framtakið lofsvert – að leyfa ljósi vatnslitanna að skína – en þeir hefðu vafalaust notið sín betur í bjartari rýmum með ofanbirtu eða í rýmum sem bjóða upp á meiri nánd og góða lýsingu.

Anna Jóa

## Söfnin í landinu



### ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

#### Áttu forngríp í fórum þínum?

Sunnudaginn 7. mars kl. 14-16

#### Barnaleiðsögn

Sunnudaginn 7. mars kl. 14

#### Fyrir ári

Síðasta sýningarhelgi

Opið alla daga nema mánudaga 11-17

Aðgangur ókeypis fyrir börn

www.thjodminjasafn.is - s. 530 2200



### LISTASAFN ÍSLANDS

#### NÆSTU SÝNINGAR

ANGURVÆRD Í MINNI

11.3.-2.5.

VINNUSTAÐIR ALVÖRU KARLA

11.3.-11.4.

SAFNBÚÐ

BÓKAMARKAÐUR - Lýkur sunnudaginn 7. mars

VALDIR TITLAR - allt að 70% afsláttur

Fríkirkjuvegi 7, 101 Reykjavík, sími 515 9600

OPIÐ daglega kl. 11-17, lokað mánudaga

Allir velkomnir! ÓKEYPIS AÐGANGUR

www listasafn.is



### ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

Handritin – Saga þeirra og hlutverk um aldir.

ÍSLAND::KVIKMYNDIR 1904-2009.

Þróun kvikmyndagerðar á Íslandi.

Um 100 íslenskar kvikmyndir, sem hægt er að skoða í fullri lengd.

„Íslendingar“. Ljósmyndasýning Sigurgeirs Sigurjónssonar og Unnar Jökulsdóttur. Þjóðarsálin fonguð í myndum og texta.

Þóstkortaár. Vingjarnleg þóstkort frá Veru og Jarþrúði til ókunnugs fólks úti í heimi.

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ, Hverfisgötu 15, Reykjavík  
Opið daglega kl. 11.00 -17.00. www.thjodmenning.is



### LISTASAFN ÁRNESINGA

Hveragerði

í samstarfi við Listasafn Íslands

ÍSLENSK MYNDLIST  
hundrað ár í hnotskurn

Leiðsögn sunnud.

6. mars kl. 15

Rakel Pétursdóttir

OPIÐ: Fim.-sun. kl. 12-18

AÐGANGUR ÓKEYPIS

www listasafnarnesinga.is



DUUS HÚS

REYKJANESBÆR

Listasafn Reykjanesebæjar

Ljósmyndasýningin Spegilsýnir:

Bára Kristinsdóttir, Einar Falur,

Jónatan Grétarsson,

Katrín Elvarsdóttir,

Spessi, Þórdís Erla Ágústadóttir.

Byggðasafn Reykjanesebæjar

Bátasafn Gríms Karlssonar

Opið virka daga 11.00-17.00

helgar 13.00-17.00

Aðgangur ókeypis

reykjanesebær.is/listasafn



VÍKINGAHEIMAR  
Skipið Íslendingur og  
sögusýning  
- Söguleg skemmtun

VÍKINGABRAUT 1

- REYKJANESBÆ

Opið alla daga

frá 11:00 til 18:00

Sími 422 2000

www.vikingaheimar.com

info@vikingaheimar.com